

SKAÐABÓTAÁBYRGÐ SAMKOMUHALDARA OG ÞEIRRA, SEM LEIGJA ÚT HÚSNÆÐI TIL SKEMMTANAHALDS

Áður en tónlist er flutt opinberlega þarf að afla heimildar hjá þeim, sem búið hafa hana til eða eiga hana. Þessa heimild veitir STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, en það er löggilt til að fara með þessa leyfisveitingu fyrir hönd rétthafa og taka við leyfisgjöldum fyrir afnotin. Með sama hætti er SFH, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, löggilt til að fara með réttindi flytjenda og hljómplötuframleiðenda þegar tónlist er leikin af hljóðritum (hljómplötum, cd-diskum, segulbandi o.s.frv.), en leyfisveitingu annast STEF fyrir hönd SFH.

Fyrir hefur komið að samkomur með tónlist, s.s. dansleikir, tónleikar, árshátíðir og þorablót, hafa verið haldnar án þess að heimildar hafi verið aflað til notkunar á eignum höfunda á þeim. Þegar svo er gert er um að ræða brot á rétti höfunda, sem varða skaðabótum rétt eins og þegar aðrar eignir eru notaðar í heimildarleysi, t.d. óheimil afnot af bifreið annars manns. Við þessum brotum eru að auki viðurlög, þ.e. sektir, varðhald og fangelsi í allt að tvö ár sbr. 54. gr. höfundalaga nr. 73, 1972. Ef tónlist er leikin heimildarlaust á samkomu þá er það samkomuhaldarinn, sem brýtur gegn rétti höfunda, en brotið fremur hann með aðstoð þess, sem leigir út samkomusalinn. Sá sem leigir út samkomusalinn er þar með þátttakandi í refsiverðu og skaðabótaskyldu broti samkomuhaldarans og fær oftast að auki tekjur af brotinu með því að þiggja greiðslu fyrir leigu salarins undir refsivert brot á rétti höfunda.

**Af hálfu STEFs og SFH er litið svo á, að ábyrgð á greiðslu skaðabóta til rétthafa og refsí-
ábyrgð samkvæmt 54. gr. höfundalaga hvíli á þeim, sem leigir út húsnæði til skemmtanahalds
og tónleikahalds til jafns við samkomuhaldarann og mun hér eftir sem hingað til beina kröf-
um að öðrum hvorum þessara aðila eða báðum, ef ástæða þykir til og gegn stjórnarmönnum
og framkvæmdastjóra, ef félag brýtur gegn rétti höfunda.**

**Á það skal bent, að leigjandi húsnæðis til skemmtanahalds og tónleikahalds getur með
auðveldum hætti takmarkað ábyrgð sína með því að taka við leyfisgjöldum frá samkomu-
haldaranum í samræmi við gjaldskrár STEFs og SFH og senda þau til STEFs eða með því að
krefjast þess að samkomuhaldarinn framvísi heimild frá STEFi til opinbers tónflutnings á
samkomunni. Yfirlýsingar þeirra sem flytja tónlistina hafa ekki gildi nema þeir framvísi
heimild frá STEFi.**

**Jafnframt er vakin athygli á því, að heimild veitingahúss til opinbers tónflutnings nær ekki
yfir samkomur annarra í veitingahúsinu t.d. þegar veitingahús leigir út sal undir samkomu.**

Með vinsemd,

STEF/SFH
Gunnar Stefánsson
innheimtustjóri STEFs